

7. gr.

Árlega skal Brunamálastofnun gera skýrslu þar sem gerð er grein fyrir fjárhag sjóðsins og starfsemi síðastliðið reikningsár. Skal skýrsla þessi vera aðgengileg á heimasíðu Brunamálastofnunar.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 38. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 138/1993 um Fræðslusjóð brunamála með síðari breytingum.

Umhverfissráðuneytinu, 21. mars 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

20. mars 2001

Nr. 267

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, svæðið milli vatns og vegar, Vatnsenda.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 20. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 frá 29. apríl 1994.

Breytingin varðar eftirfarandi:

1. Afmörkun landbúnaðarsvæða og opinna svæða breytist og inn koma íbúðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota.
2. Gönguleiðum og reiðleiðum á svæðinu fjölgar, en hluti reiðleiðar á vesturhluta svæðisins fellur út.
3. Bætt er við undirgöngum við Vatnsendaveg.
4. Elliðavatn fari undir bæjarvernd (hverfisvernd) í samræmi við gr. 4.22 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Bæjarvernd Elliðavatns verði liður í endurskoðun aðalskipulags Kópavogs 2000-2012, en stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið á þessu ári.
5. Með tilvísan í gr. 4.15.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 verði afmarkað belti meðfram Elliðavatni sem verði að jafnaði 50 metra breitt, einskona helgunarsvæði vatnsins og þar verði ekki heimilaðar nýjar lóðir fyrir íbúðarhús.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 20. mars 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.